



Selfossi, 30. apríl 2026

Fundargerð stjórnar

36. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn fimmtudaginn 30. apríl 2026, kl. 12:30 á Teams.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Árni Eiríksson, Bragi Bjarnason, Sveinn Ægir Birgisson, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Heiða Ösp Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

Helgi setur fund og býður stjórn velkomna.

1. Viðauki við fjárhagsáætlun 2026 vegna mannaáðningar

Á auka aðalfundi sem haldinn var 14. apríl 2026 var sett fram tillaga/minnisblað um ákvörðun stjórnar um að uppfylla lágmarkskröfur um mönnun dagvaktar slökkviliðs.

Tillagan var samþykkt og var slökkviliðsstjóra falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun 2026 og vinna minnisblað þar sem áhrif til framtíðar eru lögð fram og lögð fyrir sveitastjórnir til samþykktar.

Minnisblaðið er samþykkt af stjórn og fylgir fundargerðinni.

Fjárhagsáætlun með viðauka samþykkt af stjórn.

2. Lántaka

Lánsúmsókn vegna fjárfestinga á byggingu nýrrar slökkvistöðvar á Flúðum og vegna kaupa á nýrri slökkvibifreið sem staðsett verður í Reykholti hefur verið samþykkt hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Tekið verður 240 milljóna króna lán sem verður skipt í tvo flokka, 150 milljónir í LSS 55 til 29 ára til fjármögnunar á byggingu slökkvistöðvar á Flúðum og 90 milljónir í LSS 39 til 13 ára vegna kaupa á nýrri slökkvibifreið fyrir slökkvistöð BÁ í Reykholti.

Bókun vegna lántöku:

Stjórn *Brunavarna Árnessýslu bs.* samþykkir hér með á fundi sínum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 240.000.000,- kr. samkvæmt þeim lánaskilmálum sem í boði eru þegar lánið er tekið. Lántakan getur verið í formi skammtímaláns, sem forvera langtímaláns, eða sem langtímalán í þeim skuldabréfaflokkum sem Lánasjóðurinn býður hverju sinni. Stjórn *Brunavarna Árnessýslu bs.* hefur kynnt sér skilmála viðkomandi skuldabréfaflokka eins og þeir birtast á heimasíðu Lánasjóðsins. Samþykkið nær jafnframt til undirritunar lánasamnings og þess að *Brunavarnir Árnessýslu bs.* taki á sig þær skyldur sem þar greinir.

Lánið er tekið til *fjármögnunar á byggingu nýrrar slökkvistöðvar á Flúðum og vegna kaupa á nýrri slökkvibifreið sem staðsett verður í Reykholti.* Um er að ræða verkefni sem hefur

almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Jafnframt er **Pétur Péturssyni, slökkviliðsstjóra, kt.210873-5979**, veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánasamning við Lánasjóðs sveitarfélaga f.h. **Brunavarna Árnæssýslu bs.**, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökunni.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu lánsins – þ.m.t. höfuðstól, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum, uppgreiðslugjaldi og öðrum kostnaði – veita aðildarsveitarfélög Brunavarna Árnæssýslu bs. einfalda ábyrgð, sbr. heimild í 1. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Aðildarsveitarfélög Brunavarna Árnæssýslu bs. setja jafnframt til tryggingar tekjur sínar, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, til veðsetningar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

Fleira ekki gert.
Fundir slitið kl. 12:50

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Árni Eiríksson

Bragi Bjarnason

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson

Fundarritari
Heiða Ösp Árnadóttir

Sveinn Ægir Birgisson